



Veiðifélag Eystri-Rangár  
Móeiðarhvoll 2  
861 Hvolsvöllur

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 16. júní 2021  
Tilv.: UMH20120133/8.14

Við er til erindis yðar frá 18. desember 2020 þar sem þér sækid um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi fyrir hönd umbjóðanda yðar, Veiðifélags Eystri-Rangár, vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar Eyjarlands í Bláskógarbyggð, á meðan unnið er að nýju starfsleyfi. Samkvæmt erindinu hefur fiskeldisstöðin verið starfrækt samfelld frá árinu 1984 og eigendaskipti nokkrum sinnum orðið á starfseminni. Núverandi eigendur hafi framkvæmt endurbætur til að auka rekstraröryggi og lágmarka möguleg umhverfisáhrif. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi hafi verið í vinnslu hjá Umhverfisstofnun frá árinu 2018 og hafi rekstraraðilar brugðist við ábendingum og kröfum vegna afgreiðslu málsins. Fyrirséð sé að afgreiðsla leyfa fyrir starfsemina dragist fram á árið 2021 þar sem starfs- og rekstrarleyfi skuli gefin út samtímis. Vonast sé til að veiðifélagið geti uppfyllt skilyrði Matvælastofnunar vegna útgáfu rekstrarleyfis innan fárra mánaða.

Með bréfi, dags. 18. janúar sl. var yður tilkynnt um þau áform ráðuneytisins að hafna beiðni yðar um undanþágu frá starfsleyfi í ljósi þess að skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfi voru ekki uppfyllt þar sem fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi hafði ekki borist Umhverfisstofnun, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Veiðifélagi Eystri-Rangár var veittur frestur til að koma með athugasemdir við fyrirhuguð áform ráðuneytisins.

Í tölvupósti yðar til ráðuneytisins þann 24. febrúar sl. kemur fram að Umhverfisstofnun hafi þann 23. febrúar tilkynnt yður um breytta umsögn sína í umræddu máli til ráðuneytisins. Með hliðsjón af jákvæðri umsögn Umhverfisstofnunar telji umbjóðandi yðar ekki tilefni til að hafa uppi frekari athugasemdir vegna málsins og óski eftir að málið verði tekið til afgreiðslu innan ráðuneytisins.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Eins og reifað er í bréfi til yðar, dags. 18. janúar sl., sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja og Matvælastofnun þann 28.

desember 2020 og barst ráðuneytinu umsögn Umhverfisstofnunar þann 7. janúar sl. Eins og áður hefur komið fram veitti Umhverfisstofnun neikvæða umsögn þann 7. janúar sl. í ljósi þess að ekki lá fyrir í málinu fullnægjandi umsókn um starfsleyfi. Ástæða þess að umsóknin hafði ekki verið talin fullnægjandi var að fyrir lá umsögn skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins um að atvinnureksturinn samræmdist ekki gildandi aðalskipulagi þar sem deiliskipulag vegna viðkomandi svæðis lá ekki fyrir. Ráðuneytinu barst ný umsögn frá Umhverfisstofnun með bréfi, dags. 23. febrúar sl., í ljósi þess að nú liggur fyrir fullnægjandi starfsleyfisumsókn hjá stofnuninni, sem hefur borist staðfesting frá skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og Skipulagsstofnun um að starfsemin samræmist gildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun telur nú skilyrði vera fyrir hendi til að veita tímabundna undanþágu að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun hefur Veiðifélag Eystri-Rangár að Eyjarlandi alla tíð starfsrækt stöðina án starfsleyfis. Í eftirliti hafa verið skráð frávik í eftirlitsskýrslu þar sem sérstaklega er gerð athugasemd við það að rekstraraðili hafi starfað án tilskilins starfsleyfis. Gilt starfsleyfi hefur ekki verið til staðar síðan 2010. Samkvæmt erindinu hefur fiskeldisstöðin verið starfrækt samfelld frá árinu 1984 og eigendaskipti nokkrum sinnum orðið á starfseminni. Sótt var um „endurnýjun á“ starfsleyfi 2018 og starfsleyfisumsókn varð fullnægjandi í lok febrúar sl. Fyrri starfsleyfi var gefið út árið 2000 og gildi til 2010. Árið 2013 hafnaði ráðuneytið að veita þáverandi rekstraraðila, Bleikjubæ, undanþágu frá starfsleyfi á sama stað.

Með tölvupósti til yðar hinn 25. maí sl. óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um hvaða ríku ástæður mæltu með veitingu undanþágu frá starfsleyfi skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í svari yðar frá 7. júní sl. kemur að fiskeldisstöð að Eyjarlandi hafi verið starfrækt allt að því samfelld frá árinu 1984, þótt eigendaskipti hafi orðið nokkrum sinnum á starfseminni. Frá því að núverandi rekstraraðili hafi tekið við rekstri stöðvarinnar hafi verið gerðar viðtækar endurbætur á eldisstöðinni til að auka rekstraröryggi og lágmarka möguleg umhverfisáhrif og hyggi rekstraraðili á enn frekari framkvæmdir á næstu misserum í því skyni að treysta grundvöll starfseminnar og þá innviði sem þar er að finna, í sátt við landeigendur og nærumhverfið allt. Umsókn um starfsleyfi hafi verið til meðferðar allt frá árinu 2018. Verulegir hagsmunir séu fólgnir í því að fá að halda framleiðslu áfram með óbreyttum hætti á meðan starfsleyfisumsókn sé til meðferðar hjá Umhverfisstofnun. Fyrirséð er að farga þyrfti miklu magni seiða komi ekki til veitingar tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi þangað til nýtt starfsleyfi verði gefið út af hálfu Umhverfisstofnunar í samræmi við fyrirliggjandi umsókn. Slík förgun seiða myndi leiða til verulegs fjártjóns fyrir rekstraraðila jafnframt því að skapa umtalsvert magn úrgangs sem þyrfti að urða með tilheyrandi álagi á umhverfi. Þau seiði sem alin séu í eldisstöðinni eru nýtt til útsetningar í veiðiár á Suðurlandi þar sem fram fer umfangsmikill rekstur tengdur sölu veiðileyfa og þjónustu við veiðimenn. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafi þann 21. maí sl. auglýst tillögur að starfs- og rekstrarleyfum vegna þeirrar framkvæmdar sem undanþágubeiðni til ráðuneytisins taki til. Lögbundinn athugasemdafrestur vegna hinna auglýstu tillagna renni út þann 18. júní nk. og þurfi að taka ákvörðun um útgáfu leyfa innan fjögurra vikna frá þeim tíma, sbr. 2. mgr. 10. gr. a. og 3. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008. Með hliðsjón af lögbundnum tímafrestum og að teknu tilliti til hinna auglýstu tillagna sé ekki annað að ætla en að starfs- og rekstrarleyfi verði gefin út af hálfu Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar í samræmi við fyrirliggjandi umsóknir fyrir lok júlímánaðar nk. Samkvæmt því er að óbreyttu ljóst að hin tímabundna undanþága þurfi aðeins að taka til verulega skamms tíma. Eldisstöðin Eyjarlandi sé vel búin til að sinna þeirri starfsemi sem undanþágubeiðni taki til og ekki sé talið líklegt að umhverfisáhrif vegna starfseminnar verði neikvæð. Að teknu tilliti til þess og þeirra hagsmuna sem undir séu sé á því byggt að ríkar ástæður mæli með því að ráðherra veiti undanþágu frá starfsleyfi í samræmi við beiðni. Með því megi koma í veg fyrir ónauðsynleg áföll í rekstri og óþarfa förgun verðmæta á meðan umsóknir um starfs- og rekstrarleyfi hljóti afgreiðslu hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun, en líkt og áður greini sé sú málsmeðferð á lokastigum. Með vísan til alls framangreinds sé ítrekuð beiðni um að ráðherra veiti undanþágu frá starfsleyfi þangað til nýtt starfsleyfi verði gefið út af hálfu Umhverfisstofnunar.

Ráðuneytið bendir á að í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur skýrt fram að óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út

eða starfsemin ekki verið skráð hjá Umhverfisstofnun. Eina undantekningin á þessu er skv. 4. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna, þar sem segir að ráðherra sé heimilt að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Samkvæmt 67. gr. laganna getur Umhverfisstofnun lagt á stjórnvaldssektir vegna brota á banni við að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Þá er Umhverfisstofnun einnig heimilt, skv. 1. málsl. 1. mgr. 70. gr., að kæra brot á lögunum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra til lögreglu, sjá nánar í 70. gr. laganna.

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir veiðifélag Eystri-Rangár að Eyjarlandi í Bláskógarbyggð. Stofnunin birti tillögurnar, sem eru fyrir landeldi með fráveitu í ferskvatn þar sem hámarks lífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 20 tonn og ársframleiðsla ekki yfir 20 tonn, á heimasíðu sinni 21. maí sl. Þannig er ljóst að ákvörðun um starfsleyfi verður tekin í júlí nk. Í ljósi þess að fullnægjandi starfsleyfisumsókn liggur fyrir auk framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar frá 23. febrúar sl. og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Veiðifélag Eystri-Rangár kt. 530492-2659 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir landeldi, allt að 20 tonnum, á Eyjarlandi í Bláskógarbyggð að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði sem fram koma í auglýstri tillögu að starfsleyfi (UST202003-254) Landeldi á laxfiskum Veiðifélag Eystri Rangár, sjá.

[https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-eftirlitsskyrslur/02\\_Tillaga%20a%20a%20starfsleyfi%20Vei%20if%20if%20a9lag%20Eystri-Rang%20a1r%20Eyjarlandi.pdf](https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-eftirlitsskyrslur/02_Tillaga%20a%20a%20starfsleyfi%20Vei%20if%20if%20a9lag%20Eystri-Rang%20a1r%20Eyjarlandi.pdf), ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Vakin er athygli á því að undanþágan nær einungis til undanþágu frá starfsleyfi, önnur tilskilin leyfi þurfa að vera til staðar. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. ágúst 2021.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur. Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson